

# TX-10

## Í FÓTBOLTA



1 2 3 4 5

Þessi bók er í 4. flokki samkvæmt  
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar.



# TX-10

## Í FÓTBOLTA

ISBN 978-9979-0-2541-2

© 2007 Andrés Indriðason

© 2007 teikningar Brian Pilkington

Ritstjóri: Sýlvía Guðmundsdóttir

1. útgáfa 2007

Menntamálastofnun

Reykjavík

Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentun: Viðey ehf.





Mér leiðist.

Bára er að leika sér úti í garði.  
Ég heyri í henni  
og líka í Evu og Óla  
af því að glugginn er opinn.

Hvað eru þau að gera?



Eva og Óli eru bestu vinir Báru.  
Þau eru að leika sér  
með bolta úti í garði.

Ég vildi að ég mætti  
vera með þeim.

Hvað langar TX-10 til að gera?









Ég hoppa niður í garðinn.

Kannski fæ ég að vera með  
í þessum skemmtilega leik.

Í hvaða leik eru krakkarnir?





Boltinn er svona stór!

Ég sé það núna  
að ég get ekki verið  
með Báru, Evu og Óla  
í boltaleik.

Ég er ekki nógu stór.

Af hverju getur TX-10 ekki verið  
með í boltaleik?



Bára kemur að sækja boltann.  
Hún er hissa að sjá mig.  
Og líka glöð.

– Mig langaði svo mikið  
til að vera með ykkur, segi ég.  
Má ég það?

– Auðvitað máttu það,  
segir Bára.

Af hverju verður Bára hissa?





Það er svo gott að sitja  
í fína hanskanum  
hennar Báru.

Hún er markvörður.



Boltinn flýgur í loftinu.  
Það er enginn fótur á honum.

– Af hverju heitir hann fótbolti?  
kalla ég til Báru.

– Af því að við spörkum  
í hann með fótunum,  
segir Bára og hlær.

– Ekki vildi ég vera  
svona bolti, segi ég.

Af hverju er TX-10 uppi í tré?









Ég datt ofan í grasið  
því að fótboltinn  
lenti á trénu.

Þarna liggur eitthvað  
á grænu laufblaði.  
Það er rautt  
með svörtum blettum.





– Hver ert þú? spyr ég.

– Ég er maríuhæna,  
segir vinur minn í grasinu.  
Ég á heima í trénu.  
Ég er bjalla.

Nú skal ég hjálpa þér.

Hvert datt TX-10?



Ég fæ að sitja á bakinu  
á henni maríuhænu.  
Hún skríður með mig í grasinu.

Það er gaman að skoða  
fallegu, gulu blómin.

Allt í einu heyrst fótatak.  
Einhver er að koma!

Af hverju finnst TX-10 gaman að sitja  
á bakinu á maríuhænni?





Við felum okkur  
á bak við blóm.

Svo kemur stór fótur.  
Hann stígur ofan í grasið  
rétt fyrir framan okkur.

Við hreyfum okkur ekki  
fyrir en hann er farinn.




– Þetta eru vinir mínir,  
segi ég við maríuhænu.  
Þau eru í boltaleik.  
Boltinn heitir fótbolti.

Bára er í marki.  
Þess vegna er hún með  
svona stóra hanska.

Tveir steinar í grasinu  
eru markið.

Af hverju er Bára með hanska?







Ég horfi á eftir bjöllumni.  
Hún fór aftur upp í tré.

Hún varð hrædd  
þegar boltinn kom fljúgandi  
og lenti í grasinu hjá okkur.

Hún vildi vera í friði  
fyrir fótum og fótboltum.

Af hverju fór maríuhænan upp í tré?







Ég hoppa upp á fótboltann.

Ég ætla að hvíla mig hér  
þar til Bára kemur  
að sækja boltann.

Af hverju ætti TX-10 ekki að sitja á boltanum?





Allt í einu er ég  
á fleygiferð hátt uppi!  
Ég sá ekki fótinn  
sem sparkaði í boltann.

Hvar lendi ég nú?



Bára grípur boltann.  
Það var gott  
að hann lenti hjá henni.

- Í hvaða liði ert þú?  
spyr hún brosandí.
- Í þínu liði, auðvitað, segi ég.

Í hvaða liði er TX-10?



Ég fæ að vera í marki  
með Báru, vinkonu minni.

Við erum góð saman.

Það er miklu betra að hafa  
tvo markverði en einn.

Af hverju leyfir Bára TX-10 að vera með sér í marki?





Óli skorar eitt mark  
og Eva skorar eitt.

Við Bára verjum eitt skot saman.

Allir eru kátir.

Hvað verja Bára og TX-10 mörg skot?



Bára, Eva og Óli segja öll  
að ég sé góður markvörður.

– Ef markið væri minna  
gæti ég verið einn í því,  
segi ég.

– Það er rétt, segir Bárá.  
En þá væri boltinn líka  
allt of stór.


Hvað þarf að gera til að TX-10  
geti leikið fótbolta?











Bára fer í tölvuleik  
þegar við komum heim.

Ég nenni samt ekki að hoppa  
og standa á höndum.

Ég vil bara vera í marki.



## TIL KENNARA OG FORELDRA

Með Smábókaflokki Menntamálastofnunar er leitast við að höfða til ólíkra áhugasviða barna með texta sem er innihaldsríkur þrátt fyrir einfalda framsetningu. Lögð er áhersla á að bækurnar höfði bæði til tilfinninga og rökhugsunar og ekki síst kímnigáfu lesenda.

- Á vefsíðunni <https://mms.is/namsefni/tx-10-i-fotbolta-verkefni> eru fjölbreyttar kennsluhugmyndir og verkefni sem má prenta út og henta bæði í einstaklingsvinnu og hópvinnu.
- Til að stuðla að betri lesskilningi er æskilegt að barnið skoði myndirnar áður en það les bókina, velti fyrir sér efni hennar og geti sér til um innihaldið.

### ORÐALEIKIR

**Samheiti.** Hvaða orð merkja það sama og þessi orð: *Glöð, fótbolti, padda, hjálpa, hanskar, kalla.*

**Andheiti.** Hvaða orð hafa andstæða merkingu við þessi orð: *Lítill, opinn, gaman, úti, hlæja, kát, skemmtilegur.*

**Orðaleit.** Í garðinum í sögunni eru tré og blóm. Hvaða nöfn kannt þú á trjáum og blómum?

### UMRÆÐUR EFTIR LESTUR BÓKARINNAR

**Lítill og stór.** Er TX-10 stór eða lítill? Berðu hann saman við Báru og líka við maríuhænuna. Erum við lítill eða stór? Hvað myndi fluga segja um það? En fíll?

**Útileikir.** Hvaða útileiki kanntu? Hvaða leiki er hægt að leika bæði úti og inni? Hvað þarf að passa upp á þegar við erum í boltaleik?

**Skordýr.** Hvaða skordýr þekkir þú? Hvaða skordýr þekkir þú sem gera gagn í náttúrunni? Af hverju heldurðu að sumir séu hræddir við skordýr?

### MYNDSKOÐUN OG MYNDVINNSLA

**Nálægð og fjarlægð.** Skoðið á myndunum hvernig eitthvað sem er langt í burtu getur virst vera lítið. Finnið aðrar myndir sem sýna nálægð og fjarlægð.

**Smádyr.** Skoðið myndir af flugum, fiðrildum, bjöllum og öðrum smádyrum. Veljið dýr til að gera mynd af. Vinnið til dæmis með klessulitum á litaðan pappír eða með pappírsklippum.

### FRÁSÖGN OG RITUN

- **Frásögn:** Segðu vinum þínum söguna um TX-10 með þínum eigin orðum.
- **Samtal:** Búðu til samtal á milli TX-10 og maríuhænnar.
- **Bók um útileiki.** Allir gera mynd sem sýnir uppáhalds-útileikinn og skrifa stutta lýsingu á leiknum við myndina. Myndirnar settar saman í eina leikjabók.

SMÁBÓK

# TX-10 Í FÓTBOLTA

TX-10 leiðist.  
Það væri gaman  
að fara í fótbolta.  
En geta tölvuverur það?

Lestu bókina.  
Þá veistu hvað gerist.

Smábækur Menntamálastofnunar  
eru einkum ætlaðar börnum  
sem eru að æfa sig í lestri.

Höfundur texta er Andrés Indriðason.  
Brian Pilkington teiknaði myndirnar.



m

MENNTAMÁLASTOFNUN

40282